



## **STEFNA LANDSSAMBANDS UNGMENNAFÉLAGA**

SAMÞYKKT Á 14. SAMBANDSÞINGI LUF 25. FEBRÚAR 2018



## **THE POLICY OF THE ICELANDIC YOUTH COUNCIL**

ADOPTED BY THE 14th GENERAL ASSEMBLY OF LUF, 25. FEBRUARY 2018

## EFNISYFIRLIT

|                                 |          |
|---------------------------------|----------|
| <b>FORMÁLI</b>                  | <b>2</b> |
| <b>1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS</b>   | <b>4</b> |
| 1.1. Félagsleg samlögun         | 4        |
| 1.2. Kynjajafnrétti             | 4        |
| <b>2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS</b>   | <b>4</b> |
| 2.1. Lýðræðispátttaka           | 5        |
| 2.2. Valdefling og fræðsla      | 5        |
| 2.3. Sjálfbær þróun             | 5        |
| <b>3. SJÁLFSTÆÐI UNGS FÓLKS</b> | <b>5</b> |
| 3.1. Heilsa og vellíðan         | 6        |
| 3.2. Atvinnu- og menntamál      | 6        |
| 3.3. Húsnæðismál                | 7        |
| <b>4. STERK UNGMENNAFÉLÖG</b>   | <b>7</b> |
| 4.1. Jafnræði fjárúthlutana     | 7        |
| 4.2. Ungmennastjórnir           | 8        |
| 4.3. Samstarf hagsmunaaðila     | 8        |

## LIST OF CONTENT

|                                      |           |
|--------------------------------------|-----------|
| <b>PREFACE</b>                       | <b>9</b>  |
| <b>1. YOUTH RIGHTS</b>               | <b>11</b> |
| 1.1. Social Inclusion                | 11        |
| 1.2. Gender Equality                 | 11        |
| <b>2. YOUTH PARTICIPATION</b>        | <b>11</b> |
| 2.1. Democratic Participation        | 12        |
| 2.2. Empowerment and Training        | 12        |
| 2.3. Sustainable Development         | 12        |
| <b>3. YOUTH AUTONOMY</b>             | <b>12</b> |
| 3.1. Health and Wellbeing            | 13        |
| 3.2. Education and Employment        | 13        |
| 3.3. Housing                         | 14        |
| <b>4. STRONG YOUTH ORGANISATIONS</b> | <b>14</b> |
| 4.1. Fair Funding                    | 15        |
| 4.2. Decision-making                 | 15        |
| 4.3. Cooperation with Stakeholders   | 15        |

# FORMÁLI

Á sambandsþingi 2013 var tillaga samþykkt um að haldinn yrði stefnumótunarfundur þar sem fulltrúar aðildarfélaganna kæmu saman til að móta megináherslur í starfi LUF. Ferlið hófst á könnun sem send var út á aðildarfélögin til að kanna álit aðildarfélaganna á framtíðarsýn félagsins og fundað var ítarlega með flestum aðildarfélögum. Þannig var jarðvegurinn undirbúinn fyrir sérstakan stefnumótunarfund sem haldinn var á Úlfjótuvatni sama ár. Fulltrúar aðildarfélaganna voru nokkuð samstíga varðandi megináherslur og verkefni sem félagið gæti unnið að til lengri tíma. Þar kom m.a. sterklega fram áhersla á samfélagsþátttöku ungs fólks, lýðræði, aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku og fjármögnun ungmennafélaga.

Árið 2014 voru þrjú fulltrúaráðsfundir tileinkaðir áframhaldandi þróun stefnumótunar. Stjórn LUF 2015 tók við keflinu, fullmótaði stefnuna sem samþykkt var á sambandsþingi 2016. Þar með var fyrsta opinbera stefna félagsins samþykkt og skiptist hún í megináherslur: *lýðræðisþátttöku ungs fólks, valdeflingu ungs fólks og fjármögnun og rekstur æskulýðsstarfs*. Skipuð var sérstök stefnumótunarnefnd fulltrúaráðs í lok árs 2016 sem var falið það verkefni að gera stefnuna mælanlega og áætla tíma fyrir endurskoðun. Þá var megináherslum breytt í: *samfélagsþátttöku, valdeflingu og sjálfstæð ungmennafélög*. Breytingatillögur nefndarinnar voru samþykktar á sambandsþingi 2017 og vann stjórn LUF 2017-2018 sérstaka framkvæmdaáætlun og mælanleg markmið sem tóku mið af stefnunni.

Eftir að hafa náð flestum markmiðum framkvæmdaráætlunar var ljóst að stefnan úreltadist fljótt og þörf var á stefnu til lengri tíma. Stefna LUF hafði á örskömmum tíma haft áhrif á samfélagsumræðuna og dagskrá stjórnvalda með t.d. afstöðu LUF til lækkun kosningaaldurs og vilja til að standa fyrir skuggakosningum. Þess vegna horfði stjórn LUF 2017-2018 til þess að víkka stefnuna og horfa til lengri tíma, til að hafa áhrif á fleiri málaflokka sem snerta ungt fólk í von um frekari samfélagsáhrif. Þá er einnig verið að mæta aukinni kröfu um „ungmennasambættingu“ (e. youth mainstreaming), þar sem ætlast er til þess að sjónarhorni ungs fólks sé fléttað inn í stefnumótun í öllum málaflokkum og tekið tillit til á öllum sviðum samfélagsins. Vegna þess að ekki er til heildstæð stefna hins opinbera í málefnum ungs fólks (e. national youth policy) telur LUF brýna þörf fyrir því að færa út kvíarnar og leggja grunn að leiðarvísi. LUF hefur lengi gagnrýnt stefnuleysi stjórnvalda og barist fyrir heildstæðri stefnu, líkt og flest lönd hafa sett sér. Með því að bæta við málaflokkum í stefnuna getur LUF betur tryggt að sjónarhorn aðildarfélaganna komi fram í heildstæðri stefnu Íslands.

Stefnumótunarvinnan fyrir þessa stefnu hófst á greiningu, flokkun og forgangsröðun stjórnar á 15 málefnum. Í framhaldinu var send út könnun á aðildarfélögin sem þótti tímabært miðað við að sambærileg könnun var framkvæmd árið 2013. Fjórdi fulltrúaráðsfundur 5. febrúar 2018 var síðan tileinkaður stefnumótunarvinnu fulltrúaráðs. Stjórnin fullmótaði stefnudrögin og tók sérstakt mið að gæðastöðlum Evrópska ungmennavettvangsins (YFJ). Stefna LUF 2017 var notuð sem grunnur, með tilliti til þess sem kom fram á fundi fulltrúaráðs, greiningu á niðurstöðu könnunar, alþjóðlegra sáttmála, mannréttinda og áherslna YFJ. Þannig er stefnan réttindamiðuð og byggist á staðreyndum. Opið var fyrir breytingatillögur á stefnudrögunum þegar þau voru send út á aðildarfélögin þann 11. febrúar 2018. Stefnan var kynnt í heild sinni á sambandsþingi LUF 25. febrúar 2018 og loks samþykkt með öllum greiddum atkvæðum þingfulltrúa.

Stefna LUF skiptast nú í fjórar megináherslur: *réttindi ungs fólks, þátttaka ungs fólks, sjálfstæði ungs fólks og sterk ungmennafélag*. Undir megináherslurnar falla 11 sértækari málefni. Stefnunni er ætlað að vera beinagrind viðameiri stefnuályktanna um sértæku málefni og verður það í höndum sambandsþings ár hvert að ákveða hvaða áherslumál stjórn á að varpa ljósi á. Yfirgnæfandi meirihluti þingsins kaus „sjálfstæði ungs fólks“ sem þema ársins, en undir þá áherslu falla heilbrigðis-, atvinnu-, mennta- og húsnæðismál ungs fólks. Er sú niðurstaða merkileg að því leytinu til að þeir málaflokkar hafa ekki verið formfestir í stefnu LUF áður. Rennur niðurstaðan stoðum undir þörfina fyrir heildstæða stefnu hins opinbera um málefni ungs fólks og er vonast til að stefna þessi vísi veginn. Stefnan var kynnt fyrir Æskulýðsráði ríkisins 19. mars 2018 og var eintak af henni afhent Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra á fyrsta fulltrúaráðsfundi starfsársins sem fór fram þann 30. apríl 2018.

Stefna þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, en breytingar krefjast samþykkis sambandsþings. Framkvæmdaáætlun stjórnar sem samþykkt er á 1. fulltrúaráðsfundi ár hvert skal byggja á framkvæmd þessarar stefnu með útlistuðum aðferðum. Halda skal utan um mat á framkvæmd og skal framvindan útlistuð í áfangaskýrslu stjórnar sem fer fyrir 3. fulltrúaráðsfund ár hvert.



# Erasmus+

Stefnumótun LUF er styrkt af Erasmus+ ungmennaáætlun Evrópusambandsins sem styður við stefnumótun ungs fólks.

LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA / THE ICELANDIC YOUTH COUNCIL

PÓSTHÚSSTRÆTI 3-5, 101 REYKJAVÍK

SÍMI / PHONE: (+354) 561 1100

PÓSTFANG / EMAIL: youth@youth.is

# 1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS

Ungt fólk stendur frammi fyrir mismunun þegar kemur að aðgengi að borgaralegum-, pólitískum-, efnahagslegum- og félagslegum réttindum. Horfast þarf í augu við að ungt fólk er jaðarsett vegna aldurs og er oft berskjaldaðasti hópur samfélagsins. Líta þarf til þess að ungmenni yfir 18 ára aldri njóta ekki sérstakrar lagalegrar verndar Barnasáttmálans og þarf því sérstaka athygli. Auk þess er samfélagshópurinn „ungt fólk“ er fjölbreyttur og innan hans eru jaðar- og minnihlutahópar sem standa frammi fyrir margþættri mismunun.

## 1.1. Félagsleg samlögun

LUF aðhyllist fjölmenningsrhyggju, beitir sér í félagslegri samlögun og vinnur að því að vernda réttindi og efla þátttöku jaðar- og minnihlutahópa. LUF fordæmir hatursorðræðu og hvers konar mismunun fólks byggða á kynferði, kynhneigð, kyntjáningu, trúarbörgðum, skoðunum, tungumáls, þjóðernisuppruna, fötlunar, örorku, aldurs, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. LUF setur það sem skilyrði að allir hópar sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu hafi rödd innan alls starfs sem tengist þeirra málaflokki. Ekkert skal framkvæma eða ákveða án þeirra samráðs.

## 1.2. Kynjajafnrétti

LUF byggir starfsemi sína á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiðum. LUF talar gegn kynbundnu launamisrétti og vinnur markvisst að því að uppræta kynbundið áreiti og ofbeldi. Bæði með viðbragðsáætlun í siðareglum félagsins (sem taka einnig til aðildarfélaganna) og með því að tala gegn hverskonar ofbeldi opinberlega. Fullu kynjajafnrétti hefur ekki verið náð og viðurkennir LUF að ávallt er hættu á bakslagi, sem ber að gæta sérstaklega. LUF telur þörf á skýringum á hvers vegna ungir karlar eru síðri til að kjósa og líklegri til að fremja sjálfsmorð. LUF er fylgjandi því að gera kyn- og margbreytileikafræði að skyldufagi í aðalnámsskrá framhaldsskóla og telur að efla þurfi kynfræðslu í grunnskólum.

# 2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS

Það er réttur ungs fólks að taka að taka þátt í samfélaginu. Félagsleg útilokun, ójafnrétti og aldursfordómar hindra ungu fólki að njóta virkrar og raunverulegrar þátttöku. Ungt fólk er gagnrýnið á stjórnkerfið, tekur síður þátt í hefðbundnum stjórnámum og er ólíklegast til að kjósa. Ungt fólk kys fremur nútímalegri aðferðir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Aðgengi ungs fólks að stefnumótun og ákvarðanatöku samfélagsins er nauðsynlegt ef lýðræði á að þrífast. LUF viðurkennir

að ungmennafélög spila lykilhlutverk í að stuðla að samfélagsþátttöku ungs fólks, lýðræðislegri borgaravitund og sjálfbærri þróun.

## 2.1. Lýðræðisþátttaka

LUF berst fyrir lýðræðisumbótum, styður við lýðræðisþróun, hvetur til þátttöku ungs fólks í kosningum og stjórnámum og stuðlar að aðgengilegum upplýsingum. LUF tekur afstöðu með lækkun kosningaaldurs í 16 ára í kosningum til forseta, Alþingis og sveitarstjórna. Við 16 ára aldur eru einstaklingar sakhæfir og þeir bera refsíábyrgð, skólaskyldu lýkur, við tekur val um framhaldsnám og fyrstu skref á vinnumarkaði eru tekin - með tilheyrandi tekjuskatti og stórauðnu framlagi til samfélagsins. Að þessu sögðu þykir LUF alvarlegt að útiloka þennan aldurshóp frá ákvarðanatöku í samfélagi sem þau gefa af sér til og bera ábyrgð gagnvart, einkum og sér í lagi ákvarðanir sem hafa mest og langvarandi áhrif á þau fremur en aðra aldurshópa.

## 2.2. Valdefling og fræðsla

Samfélagsþátttaka er lærð hegðun og ungt fólk þarfnast valdeflingar til að þekkja, æfa og verja réttindi sín - til að hafa getu til að taka þátt og njóta til fulls lýðræðislegrar borgaravitundar. LUF skal því vera leiðandi í mannréttinda- og lýðræðisfræðslu í gegnum sjálfboðastarf, námskeið, vinnustofur og annað óformlegt nám. LUF leggur áherslu á jafningjafræðslu og stuðlar að eflingu leiðtogahæfni ungs fólks.

## 2.3. Sjálfbær þróun

Afleiðingar ákvarðana sem teknar eru í dag skipta sköpum fyrir velferð ungs fólks í framtíðinni. Umhverfisleg-, efnahagsleg- og félagsleg sjálfbærni er nauðsyn fyrir hag komandi kynslóða. Nýting auðlinda skal ekki hafa skaðleg áhrif á jörðina. LUF talar fyrir sjálfbærni og endurnýtingu svo komandi kynslóðir geti notið þeirra auðlinda sem jörðin hefur uppá að bjóða. Með tilkomu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030, Parísarsamkomulagsins og ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2250 um ungt fólk, frið og öryggi eru gerðar kröfur um skuldbindingar ríkisstjórna og stofnanna til að stuðla að sjálfbærni. Mest er í húfi fyrir yngstu kynslóðirnar og því krefst sjálfbær þróun virkrar og raunverulegrar þátttöku ungs fólks. LUF kallar á aðgerðir og innleiðingar í nánú samráði við ungt fólk.

# 3. SJÁLFSTÆÐI UNGS FÓLKS

Engin algild og alþjóðleg skilgreining er til um ungt fólk, en stofnanir, ríki og fræðimenn sammælast að átt er við ferli frá forræði til sjálfræðis. Kynslóðirnar sem



nú vaxa úr grasi ná fullu sjálfstæði seinna en fyrri kynslóðir sem veldur það því að fólk í dag á það til að festast í þessu millibilsástandi og það þarf að viðurkenna. Geta ungs fólks til að taka fulla ábyrgð á eigin lífi eftir 18 ára aldur, lýðræðisleg borgaravitund og aðgengi að félags- og efnahagslegum réttindum helst í hendur. Ef þörfum ungs fólks er ekki mætt er hættu á að trú ungs fólks á lýðræði bresti. LUF kallar á aðgerðir í heilbrigðis-, atvinnu-, mennta- og húsnæðismálum þar sem tekið er sérstakt tillit til ungs fólks og telur að brýn þörf sé á heildstæðri stefnu hins opinbera í málaflokknum.

### 3.1. Heilsa og vellíðan

LUF telur að bregðast þurfi við því að hátt hlutfall ungs fólks stríðir við geðsjúkdóma á við kvíða og depurð. Er það grafalvarlegt að um þriðjungur háskólanema glímir við andleg veikindi, sérstaklega kvíða- og þunglyndi. LUF kallar því eftir fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferðum sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan ungmenna. Einnig þarf að efla forvarnir og meðferðir vegna fíknivanda, m.a. misnotkunar fíkniefna og áfengis. Þá er LUF fylgjandi afgangspavæðingu fíkniefna. Samræma þarf heilbrigðiskerfið þannig að það nái utan um bæði líkamleg og andleg veikindi. Óháð búsetu og efnahag þarf að tryggja aðgengi ungs fólks að heilbrigðisþjónustu og viðeigandi meðferðarúrræðum á þann hátt að kerfið sé fyrirbyggjandi og verndi ungt fólk gegn langvarandi veikindum sem geta fylgt fólki alla ævi. Sömuleiðis þarf að vinna gegn einelti og félagslegri einangrun sem hefur skaðleg áhrif á líðan ungs fólks.

### 3.2. Atvinnu- og menntamál

Tryggja þarf samkeppnishæfni íslenskra ungmenna og aðgengi þeirra að fjölbreyttu námi hérlendis sem og erlendis. Draga þarf úr ofuráherslu á bóknám og hvetja jafnframt til iðn- og verknáms. LUF hefur áhyggjur af því að ungt fólk sem útskrifast með háskólagráður fái ekki störf við hæfi þar sem hlutfall háskólamenntaðra í öllum störfum hefur vaxið mjög á undanförunum árum auk þess sem hlutfallslegur munur á kjörum háskólamenntaðra og annarra fer dvínandi. Því þarf að aðlaga menntakerfið að nútímapörfum atvinnulífsins og styrkja þarf samstarf menntakerfisins við einkageirann. LUF leggur til að tækifæri til skiptináms verði eflað og telur að fjölga þurfi tækifærum á gæða starfsnámi. LUF tekur sterka afstöðu gegn ólaunuðu starfsnámi en leggur til að ríkið og fyrirtæki styðji við launað starfsnám eða að boðið verði upp á einingar á framhalds- og háskólastigi. Með slíku fyrirkomulagi skapast tækifæri til að þróa mat á óformlegu námi og þannig geta félagasamtök einnig lagt af mörkum.

Ungt fólk öðlast ekki að fullu fjárhagslegt sjálfstæði og öryggi fyrr en á vinnumarkaðinn er komið og ekki er tryggt að fólk gangi beint í viðeigandi vinnu eftir

námslok. Fjárhagslegt öryggi kemur því ekki á undan starfsöryggi. Fyrstu skref á vinnumarkaði eru viðkvæmust og því þarf að tryggja aðgengi ungs fólks að upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. LUF leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að taka tillit til þess að með tilkomu millibilsástandsins, sem kom til m.a. vegna þess að ungt fólk er lengur í námi og kemur seinna inn á vinnumarkaðinn, hefur ungt fólk setið verulega eftir í vaxandi hagsæld síðustu áratuga. Það birtist t.d. í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna 16-29 ára jókst um 2% frá aldamótum til 2016 en á sama tíma um 21% hjá 30-64 ára og 45% hjá 65 ára og eldri.

### 3.3. Húsnæðismál

Hluti af ferli ungs fólks í átt að fullu sjálfstæði er að flytja að heiman og að hafa getu til að sjá fyrir, viðhalda heimili og stofna fjölskyldu. Ungt fólk býr lengur í foreldrahúsum en áður og jafnvel fram yfir fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Skortur á litlum íbúðum og hátt leigu- og íbúðaverð valda þessu. Þetta ástand kemur í veg fyrir sjálfstæði ungs fólks til að sjá fyrir sér og taka ábyrgð á eigin lífi. Með tilliti til þarfa ungs fólks og þess að ungt fólk hefur minni ráðstöfunartekjur en aðrir aldurshópar er þörf á sérstökum úrræðum. LUF kallar á aðgerðir sem miða að því að fjölga búsetuúrræðum á viðráðanlegu verði með tilliti til samgangna og nærþjónustu.

## 4. STERK UNGMENNAFÉLÖG

Það er réttur ungs fólks að njóta félagafrelsis. Skortur á skuldbindingu og pólitískum vilja til þess að styðja við, vinna með og nýta borgarasamfélag ungmenna: félags- og hagsmunastarf ungmennafélaga og þau verðmæti sem þau skapa er sóun á mannauði og hamlar samfélagsþátttöku ungs fólks. LUF undirstrikar brýna þörf ungmennafélaga á stöðugum og viðunandi tekjum, skort á lagaheimildum og pólitískri viðurkenningu. Með aukinni samvinnu ungmennageirans sem og stuðningi ríkisins við ungmennafélög verður hlutverk þeirra áhrifameira og þar með skapa þau meiri samfélagslegan ávinning. Þátttaka í félagsstarfi ungmennafélaga eflir leiðtogahæfni og borgarvitund ungs fólks, vinnur gegn félagslegri einangrun og er vettvangur fyrir ungt fólk til þess að þroska samskiptahæfni og skoðanaskipti. LUF telur því nauðsynlegt að ríkið styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks lagalega, fjárhagslega og félagslega.

### 4.1. Jafnræði fjárúthlutana

LUF telur að ójöfn fjárframlög ríkisins til frjálsra félagasamtaka ungs fólks sé óviðunandi og er því eitt helsta áherslumál félagsins að berjast fyrir fjárútlátum á jafningjagrundvelli. Hingað til hefur fjárúthlutunum til málaflokksins verið stjórnað af geðþóttaákvörðun og áhugasviðum mennta- og menningarmálaráðherra sem verður



til þess að ungt fólk hefur ekki getað þróað með sér getu og þekkingu til þess að byggja upp sterka málsvara. LUF vill taka upp hlutlaust kerfi að norrænni fyrirmynd þar sem öll ungmennafélög, að uppfylltum ákveðnum kröfum, fái fjármagn í hlutfalli við félagafjölda og eiga kost á að byggja upp starf sitt á framsýnni hugsun. Þar er einnig tekið tillit til jafnréttissjónarmiða og hlutfalls ungs fólks í stjórn. Þetta fyrirkomulag styrkir einnig stofnun og starfsemi nýrra félaga. Að auki styður LUF samkeppnissjóði til verkefna, en vart ert samkeppni um slíka sjóði (t.d. Æskulýðssjóði) ef jafnræði í fjáruhlutunum ríkisins er ekki tryggt. Það veldur því að félögin með sterkustu innviðina (vegna ríkisfjárveitinga) hirða mest fé, á meðan þau félög sem byggja einvörðungu á sjálfböðastarfi ungs fólks standa á brauðfótum.

## 4.2. Ungmennastjórnir

LUF styður við stjórnir ungmennafélaga eða ungmennafélög þar sem ungt fólk fer með ákvarðanavaldið og lýðræðisleg ungmennaráð innan skipulagsheilda sem hafa völd. Án ungmennastjórna verður ungmennasambætting aldrei að veruleika. Ríkisskattstjóri neitar þó almennum félögum um breytingar á skráningarskyldum sínum á þeim forsendum að ólöggráða einstaklingar eigi sæti í stjórn ungmennafélags, þvert á mannréttindaákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um ákvæði um félagafrelsi og jafnræði. Einnig gegn réttindum barna til tjáningar og þátttöku í samfélaginu sem eru sérstaklega tryggð í 12. til 17. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Eiga börn því sjálfstæðan rétt til þess að stofna og taka þátt í félögum. LUF tekur skýra afstöðu gegn slíkum mannréttindabrotum og mismununar á grundvelli aldurs, sem andstæð er jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. LUF skorar á frjáls félagasamtök að hleypa ungu fólk að í auknum mæli í stjórnir og aðrar áhrifastöður. Ungt fólk styrkir þriðja geirann með endurnýjun innan samtaka, nútíma- og tæknivæðingu og nýsköpun.

## 4.3. Samstarf hagsmunaaðila

Með meginhlutverki sínu sem samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga stuðlar LUF að auknu samstarfi allra hagsmunaaðila, innan ungmennageirans sem utan - innanlands og erlendis. Skilvirkni og ávinningur hámarkast með samstarfi hagsmunaaðila í átt að sameiginlegum markmiðum og þekking og reynsla eykst. LUF stefnir að fjölgun aðildarfélaganna, sameinaðri ungmennageira, eflingu samstarfs við stofnanir og aukinni alþjóðasamvinnu. LUF er aðgengileg og opin regnhlífasamtök og er brú á milli félagasamtaka, geira, kynslóða og landa. LUF leggur áherslu á samstarf við lýðræðislegar skipulagsheildir sem tryggja aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku og samræmast markmiðum og stefnu LUF.

# PREFACE

At the General Assembly (GA) in 2013 LUF approved a proposal to organise a policy-making meeting where the representatives of the member organisations (MOs) would come together and formulate the main emphasis of LUFs work. The process started with a survey sent to all MOs in order to map out their future prospect for the council and in-depth meetings were held with most MOs. This is how the groundwork was prepared for the policy-making meeting that was held in Úlfjótswatn the same year. The representatives of the MOs concurred regarding the emphasis and themes of project that LUF could work towards as long-term goals. Resulting in the prominence of focusing on youth societal participation, democracy promotion, access of youth to decision-making procedures and funding for youth-led non-governmental organisations (Youth NGOs).

Three meetings of the Committee of Representatives (CR) of LUF were held in 2014 and dedicated to the development of the policy. The board of LUF in 2015 continued with the work and fully constructed the policy that was adopted at the GA in 2016. Hereby was the first official policy of LUF adopted and was categorised into main emphasis: *youth democratic participation, youth empowerment and financing youth work*. A special policy-making committee of the CR was established in the end of 2016 with the role of making the policy more measurable and to evaluate time for revision. Then the main themes were modified to: *societal participation, empowerment and independent Youth NGOs*. These policy amendments were approved by the GA in 2017 and the board of the 2017-2018 mandate produced a specific implementation plan with measurable goals to work towards the policy.

After reaching most goals of the implementation plan it was evident that the policy got outdated rapidly and there was a need for a long-term policy. In a short period of time the policy of LUF had influenced the societal discourse and the political agenda of the government, e.g. with LUFs call for lowering the voting age and the readiness to organise shadow/mock elections. Hence, the board aimed to expand LUF's policy and work towards long-term goals, in order to influence more fields that concern young people in hope for making further impact on the society. The board was also looking to meet the increased demand for 'youth mainstreaming', where the view of young people is taken into account in all fields of policy-making and considered in all sectors of society. Because no national youth policy exists, LUF believes there is an urgent need to move forward and lay the ground for a roadmap. LUF has for a long period of time criticised the omission of the government and fought for a comprehensive policy, like most countries have embraced. By expanding the policy

of LUF, the council can better ensure that the views of the MOs will be addressed in the hoped future national youth policy of Iceland.

The policy-making process for this policy began with analysis, categorisation and prioritisation of 15 themes by the board. Since the last opinion survey was sent out to the MOs in 2013, there was time to repeat a similar, but developed one. The fourth CR meeting 5th of February 2018 was dedicated to policy-making. The board fully constructed the first draft using the quality standards of the European Youth Forum (YFJ) as a guideline. The 2017 policy version was used as a frame and constructed in regard of the outcome of the CR meeting, analysis of the survey, international treaties, human rights and emphasis of YFJ. LUFs policy is therefore based on a rights-based approach and up to date evidence. The board opened for amendments 11th February 2018 when the GA documents were sent out to the MOs. The policy was introduced at the GA 25th of february 2018 and finally adopted, approved by all representatives.

The policy of LUF is now categorized into four main emphasis: *youth rights, youth participation, youth autonomy and strong youth organisations*. Under the four main emphasis are 11 sub-themes or subjects that LUF focuses on. The policy is meant to serve as a framework for more extensive policy papers and the GA will decide what theme to focus on each year. An overwhelming majority of the representatives of the GA voted for 'youth autonomy' as the theme of 2018, but under that falls: *health and wellbeing, education, employment and housing*. That result is thought-provoking due to the fact that these subject have never been formalized in the policy of the council before. This result underlines the need for a national youth policy and LUF hopes that this policy reform leads the way. This policy has been introduced to the Advisory Council on Youth 19th March 2018 and a copy was handed to Lilja Alfreðsdóttir, the Minister of Education, Science and Culture on the first CR meeting of the mandate 30th April 2018.

This Policy shall be reviewed as needed, but changes require approval of the GA. The implementation plan of the board that is approved on the first CR meeting of the mandate should work towards this policy with defined methods. The implementation shall be monitored, evaluated and documented in the progress report of the board and presented on the third CR meeting of the mandate.



# Erasmus+

The policy of LUF is funded by the Erasmus+ youth programme of the European Union that supports policy reform.

**LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA / THE ICELANDIC YOUTH COUNCIL**

PÓSTHÚSSTRÆTI 3-5, 101 REYKJAVÍK

SÍMI / PHONE: (+354) 561 1100

PÓSTFANG / EMAIL: [youth@youth.is](mailto:youth@youth.is)

# 1. YOUTH RIGHTS

Young people face discrimination in accessing their civil, political, economic and social rights. There is a need to face the fact that young people are marginalised due to age and is often the most vulnerable group of the society. Young people from 18 years old do not enjoy the legal protection of the Convention of the Right of the Child and therefore require special attention. Besides, 'Young people', as a group of society is diverse and within it are marginalised and minority groups that face multiple discrimination.

## 1.1. Social Inclusion

LUF adheres to multiculturalism, applies to social inclusion and works to protect and strengthen the participation of marginalised and minority groups. LUF condemns hate speech and all forms of discrimination based on gender, gender orientation, gender expression, religion, political or other opinion, language, national or social origin, disability, age, race, colour, financial status, family, and status in any way. LUF sets it as a condition that all groups have a voice in society within all work that relates to them. Nothing should be implemented nor decided without their consultation.

## 1.2. Gender Equality

LUF builds its work on gender mainstreaming. LUF speaks against gender based income inequality and works systematically against gender based violence. Both with a contingency plan in the code of ethics (that also applies to the MOs) and by speaking against all forms of violence publicly. Full gender equality has not been achieved and LUF recognises the eternal risk of a setback, that should be prevented. LUF thinks there is a need for explanations on why young men are less likely to vote and are more likely to commit suicide. LUF is in favor of adding gender- and diversity studies to the curriculum in upper secondary schools and thinks there is a need to strengthen sex education in primary schools.

# 2. YOUTH PARTICIPATION

It is the right of young people to participate in society. Social exclusion, inequality and ageism is hindering young people to enjoy active and meaningful participation. Young people are critical of the political systems, they tend not to participate in conventional politics and are less likely to vote. Young people rather opt for modern methods to express their opinions. The access of young people to policy and decision-making is vital for democracy to thrive. LUF recognises that youth

organisations play a key role in contributing to youth participation in society, democratic citizenship and sustainable development.

## 2.1. Democratic Participation

LUF fights for democracy reform, supports democratic development, encourages youth participation in elections and politics, and promotes accessible information. LUF is in favour of lowering the voting age in presidential, parliamentary and local elections. At the age of 16 individuals bear criminal liability, finish compulsory education, decide for further education and the first steps on the job market are taken - bound with income tax and increased contribution to society. That being said, LUF believes it to be serious to exclude the age group from decision-making in a society that they contribute to and are responsible towards, especially decisions that have the most and long-lasting effect on them compared to other age groups.

## 2.2. Empowerment and Training

Participation in society is a learned behaviour and young people need to be empowered in order to recognise, practice and protect their rights - to be able to participate and enjoy full democratic citizenship. LUF shall be in the forefront in human rights and democracy training via volunteering, courses, workshops and other non-formal learning methods. LUF focuses on peer to peer education and aims to strengthen leadership skills among young people.

## 2.3. Sustainable Development

Consequences of decisions made today make a difference for the welfare of youth in the future. Environmental, economic and social sustainability is necessary for the benefit of future generations. The usage of natural resources should not be damaging for the planet. LUF speaks for sustainability and renewability, for future generations to enjoy the natural resources of the planet. With the advent of the 2030 Agenda for Sustainable Development, the Paris Agreement and Resolution 2250 on Youth, Peace and Security, require commitments of member states and institutions to promote sustainability. Most is in stake for the youngest generations and therefore, sustainable development requires meaningful youth participation. LUF calls for actions and implementations in close consultation with young people.

# 3. YOUTH AUTONOMY

No universal or institutional definition of youth exists, but institutions, states and scholars identify a process of transition to autonomy. The young people of today become independent later than previous generations, leaving them stuck in a interval

condition of 'adulthood' that needs to be recognized. The capacity of young people to become responsible for their own life at the age of 18, democratic citizenship and access of social and economic rights go hand in hand. If the needs of young people are not met, there is a risk of their belief in democracy declines. LUF calls for actions in regards of health, employment, education and housing, with a special consideration of youth and believes there to be an urgent need for a national youth policy.

### 3.1. Health and Wellbeing

LUF believes there is need to react to the high rate of youth that suffer from mental health issues such as anxiety and depression. It is highly alarming that the third of university students suffer from mental illnesses, especially anxiety and depression. LUF calls for preventive measures and treatments that support mental health and the wellbeing of youth. Additionally, prevention and treatments to combat addiction of e.g. alcohol and drug abuse. Then LUF is in favor of decriminalising drugs. The health system needs to be arranged to embody both physical and mental illnesses. The access of youth to health services should be ensured regardless of geography and financial status, as well as guaranteed appropriate treatments functioning as preventive and protective against chronic illnesses. Likewise, there is a need to work against bullying and social exclusion that has harmful effects on the wellbeing of young people.

### 3.2. Education and Employment

The competitiveness of Icelandic youth needs to be ensured and as well as their access to a diversified education in Iceland and abroad. The overemphasis on general academics needs to be reduced and vocational studies should be encouraged. LUF is worried about that young people that graduate with a university degrees don't get suitable jobs considering the increasing rates of university educated people, as well as the relative difference in income of university educated persons and others is decreasing. This is why the educational system needs to be structured towards the modern needs of the job market and the cooperation between the educational system and the private sector should be strengthened. LUF suggests that opportunities to exchange studies should be reinforced and thinks there is a need to multiply opportunities of quality internships. LUF strongly opposes unpaid internships, but suggest that the government and private companies should support paid internships or offer credits at upper secondary school and university levels. With such arrangements, opportunities are created to develop evaluation system of non-formal education where NGOs can also contribute.



Young people do not gain full financial independence and security before they reach the job market and suitable employment is not guaranteed after graduation. Consequently, job security comes before financial autonomy. The first steps at the job market are the most fragile and the access of young people to information regarding their rights and duties should be ensured. LUF emphasizes the importance of considering that with the emergence of the state of adulthood, that somewhat originated because people stay longer in education and arrive later to the job market, young people have been markedly left out in the growing prosperity in recent years. That appears e.g. in the fact that the median real income of the age group of 16-29 increased 2% from 2000 to 2016, but at the same time about 21% for 30-64 years old and 45% for 65 and older.

### 3.3. Housing

A part of the process towards full autonomy is the ability to access housing, maintain a home and establish a family. Young people today live for a longer period of time with their parents than before and even until after the first steps at job market are taken. The reason is a shortage of small apartments and high rental and house prices. This condition hinders youth autonomy and the ability of young people to take full responsibility for themselves. Considering the needs of young people and that they have lower incomes than other age groups, there is a need for specific measures. LUF calls for actions that aim to increase affordable housing with good access to public transport and local services.

## 4. STRONG YOUTH ORGANISATIONS

It is the right of young people to enjoy freedom of association. The lack of commitment and political will to support, cooperate with and utilize the civil society of youth: social and interest work of youth organisations and the value that they create is a waste of human resources and hinders youth participation in society. LUF underlines the urgent need of youth organisations for steady and acceptable income, inadequate legal environment and political recognition. With more cooperation with the youth sector as well as the support of the government to youth organisations, their role will be more effective and therefore they will create more social benefits. Participation in social work of youth organisations strengthens leadership skills and citizenship awareness, works against social exclusion and is a platform for youth to develop communication skills and exchange opinion. LUF believes it to be necessary that the government supports interest and social work of youth legally, financially and socially.

## 4.1. Fair Funding

LUF thinks the unequal governmental funding to NGOs to be unacceptable and therefore it is one of the priority of the council to fight for governmental funding on an equal basis. Until now, the governmental budget for youth affairs is controlled by the arbitrary decisions and interest of the Minister of Education, Science and Culture, causing the inability of young people to develop capacity and knowledge to build a strong advocate. LUF wants to adopt an objective system based on a Nordic example where all youth organisations, that meet certain requirements, acquire funding in a consideration of number of registered members and will be able to build their work on future prospects. There equality and proportion of youth within boards is also taken into account. This arrangement also strengthens the establishment of new youth organisations. Moreover, LUF supports competitive grants for projects, though such grants (e.g. The Icelandic Youth Fund) are barely competitive if the equality of governmental support is not ensured. Consequently, the NGOs with the strongest infrastructures (because of governmental support) receive most from the fund, while the organisations that are only based on volunteerism fight to survive.

## 4.2. Decision-making

LUF encourages youth-led boards of youth organisations where young people make the decisions or democratic youth councils of organisations with larger structures, that have real power. Without youth-led boards, youth mainstreaming will never be a reality. The Directorate of Internal Revenue though rejects NGOs registration duty to announce new elected boards that include individuals under the age of full legal responsibility, contrary to the human rights article of the Constitution of the republic of Iceland no. 33/1944 on freedom of association and equality. Also against children's rights of freedom of expression and participation, ensured by articles 12 to 17 of the Convention of the Right of the Child, cf. law no. 19/2013. Accordingly, children are ensured independant right to establish and participate in associations. LUF has no tolerance for such human rights violations and discrimination based on age, which is contrary to the principle of equality no. 65 of the Constitution. LUF challenges NGOs to create more space for young people in their boards and other power positions. Young people are an asset to the third sector with renewal, modernisation, technological advances and innovation.

## 4.3. Cooperation with Stakeholders

With the main role of being a platform for cooperation and consultation for youth organisations, LUF promotes collaboration between all stakeholders, within the youth sector and beyond at both local and global levels. Efficiency and success maximises

with the cooperation of stakeholders towards common goals and knowledge and experience grows. LUF aims to collect more MOs, foster united youth sector, reinforce cooperation with institutions and increase international collaboration. LUF is accessible and an open umbrella organisation that functions as a bridge between NGOs, sectors, generations and countries. LUF prioritise cooperation with democratic organisations that ensure the involvement of young people in decision making and harmonise with the objectives and policies of LUF.